

Minnisblað - 2001030

Til: Byggðarráðs

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Félagsheimilið á Staðarfelli*

Dags.: 14.07.2022

Skv. ákvörðun sveitarstjórnar frá 09.12.2021 áttu Skúli H. Guðbjörnsson formaður byggðarráðs og Kristján Sturluson sveitarstjóri fund með fulltrúum Kvenfélagsins Hvatar og Ungmennafélagsins Dögunnar. Fundurinn fór fram 14. Júlí sl. kl. 13. Fyrir hönd félaganna mættu til fundarins Hrefna S. Ingibergsdóttir, Sigrún B. Halldórsdóttir, Steinunn H. Halldórsdóttir og Þuríður J. Sigurðardóttir.

Eignarhald félagsheimilisins á Staðarfelli er skv. fundargerðarbók frá 1994 eftirfarandi:

Dalabyggð	65%
Hvöt	20%
Dögun	15%

Kristján fór yfir stöðuna og afstöðu byggðarráðs. Ljóst er að félagsheimilið þarf á umtalsverðu viðhaldi að halda og ekki eru forsendur fyrir rekstri þess. Tveir kostir eru í stöðunni, annað hvort að sveitarfélagið afhendi félögunum sinn hlut og rekstur og viðhald færist þá til þeirra. Hinn kosturinn er að selja húsið.

Fram kom að félögin gætu ekki tekið húsið yfir. Var það samhljóða niðurstaða fundarins að skásti valkosturinn væri að selja húsið.

Innanstokksmunir í húsinu (að frátöldum borðum og stólum) eru í eigu félaganna. Munu þau fara í gegnum þá muni og búnað og einnig verður haft samráð við safnvörð og héraðsskjalasafn.

Hnitsetja þarf lóðina fyrir sölu og fá verðmat á það. Eftir það er það niðurstaða fundarins að setja það í söluferli.